

Álagning gjalda

Útsvar og fasteignagjöld

Útsvarsprósenta árið 2019 er **13,73 %**

Álagning fasteignagjalda í Kjósarhrepps 2019

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er 31. desember ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum skrifstofustjóra Kjósarhrepps sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Hreppsnefnd Kjósarhrepps samþykkti á 191 fundi sínum að álagning fasteignagjalda 2019 verði sem hér segir:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur A	0,40%	af fasteignamati húss og lóðar
Rotþróargjald	kr. 11.000	á ári losun 3ja ára fresti
Sorphirðugjald	-	Sjá gjaldskrá sorphirðugjalda

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur B	1,32%	af fasteignamati húss og lóðar
Rotþróargjald	kr. 11.000	á ári losun 3ja ára fresti
Sorphirðugjald	-	Sjá gjaldskrá sorphirðugjalda

Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	0,50%	af fasteignamati húss og lóðar
Rotþróargjald	kr. 11.000	á ári losun 3ja ára fresti
Sorphirðugjald	-	Sjá gjaldskrá sorphirðugjalda

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Kjósarhrepps má finna á vefsíðunni www.kjos.is

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á www.island.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli. Fasteignagjöld skiptast á 5 gjalldaga frá 1. mars til 1. nóvember. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalldaga og fellur allur skattur ársins í gjalldaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. **30.000** er gjalddagi þeirra 1. mars.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

2019 Afsláttur	Tekjur einstaklingar		2019 Afsláttur	Hjón/fólk í skráðri sambúð	
	Frá	Til		Frá	Til
100%	0	5.258.637	100%	0	6.719.370
75%	5.258.638	5.375.496	75%	6.719.371	7.186.804
50%	5.375.497	5.492.354	50%	7.186.805	7.655.287
25%	5.492.355	5.609.213	25%	7.655.288	8.121.673

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra og stuðst við síðasta skattframtal. Afslátturinn er færður til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningaræði.

Nánari reglur má finna á vef Kjósarhrepps www.kjos.is.

Þróun álagningarprósentu fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði í Kjósarhreppi

Núverandi og fyrri ár

	2019	2018	2017
Fasteignaskattur A	0,40%	0,40%	0,50%
Rotþróargjald	11.000	10.500	10.000
Fasteignaskattur A	2016	2015	2014
Rotþróargjald	0,50%	0,50%	0,50%
	9.500	9.500	9.000